



Greinargerð með fjárhagsáætlun 2021-2024

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar
15. desember 2020

Inngangur

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árið 2021 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2022–2024 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A-og B-hluta.

A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóðum. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í Eignasjóði gatna, Fasteignum Akureyrarbæjar og Umhverfismiðstöð er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna, gatna og hirðingu bæjarlandsins. Í áætlun A-hluta er milliviðskiptum, vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum, jafnað út á milli stofnana.

Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og fjármögnuð eru með þjónustutekjum, en þau eru m.a. Félagslegar íbúðir, Bifreiðastæðasjóður, Strætisvagnar Akureyrar, Hafnasamlag Norðurlands, Hlíðarfjall og Norðurorka. Greinargerð með fjárhagsáætlun er birt með fyrirvara um villur sem í henni kunna að leynast.

Efnisyfirlit

[Tilbaka í Akureyri í tölum](#)

Vinnuferli fjárhagsáætlunar

Forsendur áætlunar

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir

Hér er hægt að nálgast gagnvirka útgáfu af greinagerðinni:

<https://app.powerbi.com/view?r=eyJrIjojODc3M2ZkYmYtYjE4OS00NWw3YTMTNjM0M2FmOGIwYTl2IiwidCI6ImZjZTlzMzJlWY0OTMtdA3ZS1hNDcyLWYxNzNmOWEwYWZlYSIsImMiOjI9&pageName=ReportSectionbfd4a8aea1c04e974b8>



- **Bæjarstjórn** mótar stefnu og áherslur sem fjárhagsáætlun byggist á.
- **Bæjarstjóri** boðar bæjarstjórn, formenn fagraða og sviðsstjóra á vinnufund um áherslur fjárhagsáætlunar næsta árs.
- **Sviðsstjóri** og fagrað fjalla um og gera tillögur til bæjarráðs að breytingum á þjónustustigi, nýrri starfsemi og starfsemi sem hægt sé að leggja niður eða breyta.
- **Fagrað** fjallar um drög að starfsáætlun og vísar til bæjarráðs.
- **Sviðsstjóri fjársýslusviðs** leggur fram til bæjarráðs forsendur fjárhagsáætlunar og áætlar ráðstöfunarfé bæjarins og leggur fram tekjuáætlun.
- **Bæjarstjóri og formaður bæjarráðs** leggja fram tillögu í bæjarráði að skiptingu ráðstöfunarfjár næsta fjárhagsárs, annars vegar milli rekstrar og fjárfestinga og hins vegar skiptingu rekstrarfjárins niður í fjárhagsramma til einstakra málaflokka auk ramma til ófyrirséðra útgjalda. Skiptingin ræðst af áætluðu ráðstöfunarfé, útgjaldapróun undanfarinna ára, fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, þriggja ára áætlun, fyrirliggjandi kjarasamningum svo og af stefnumótun bæjarstjórnar og áherslum.
- **Bæjarráð** samþykkir forsendur, tekjuáætlun og fjárhagsramma.
- **Bæjarstjóri** felur **sviðsstjórum** að ganga frá starfsáætlunum, launaáætlun, breytingum á gjaldskrá og tillögum í frumvarp að fjárhagsáætlun og leggja fyrir bæjarráð.
- **Sviðsstjóri**, sem fengið hefur fjárhagsramma, vinnur drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlun í samvinnu við fagrað og sendir fjársýslusviði sem útbýr frumvarp fyrir bæjarráð. Skal sú vinna byggja á samstarfsamningi meirihluta hverju sinni og þeim fjármunum sem málaflokksnum er úthlutað í fjárhagsramma.
 - Öll rekstrargjöld sem falla undir málaflokk skulu vera innan fjárhagsrammans.
 - Starfsáætlun er útfærsla á því hvernig fjármunum málaflokksins verður varið þ.e. hvernig þeim skuli skipt milli stofnana málaflokksins og lýsir því hvernig rekstri málaflokksins verð fyrir komið innan rammans.
- **Bæjarráð** fjallar um drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlanir ráða í einstökum málaflokkum og þær breytingar á starfsemi sem í þeim felast. Bæjarráð getur óskað eftir að starfsáætlun sé endurunnin eða gert tillögu að breytingum.
- **Sviðsstjóri fjársýslusviðs** vinnur frumvarp að fjárhagsáætlun auk greinargerðar um frumvarpið og leggur fyrir bæjarráð.
- **Bæjarráð** fjallar um fjárhagsáætlanir sviða og vísar þeim til bæjarstjórnar.
- **Bæjarstjórn** fjallar um og samþykkir fjárhagsáætlanir á tveimur fundum. Starfsáætlanir eru staðfestar í bæjarstjórn.



Forsendur áætlunar - Efnahagsumhverfi

[Tilbaka í efnisyfirlit](#)

Forsendur fjárhagsáætlunar Akureyrarbæjar 2021 byggir á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands, spá bankanna sem og spá Seðlabankans.



Spá Hagstofu gerir ráð fyrir 3,9% hagvexti árið 2021, 3,1% hagvexti árið 2022 og á bilinu 2,4-2,6% á árunum 2023-2026.




Kjarasamningar hafa verið gerðir við öll stéttarfélög nema eitt. Gildistími flestra samninga er fram á árið 2023 þó dæmi séu um kjarasamninga sem renna út í lok árs 2021. Launabreytingar eru því nokkuð fyrirseðar næstu árin.



Gert er ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2021 verði 2,7%, 2,6% árið 2022 og 2,5% árin 2023-2024.



Þann 1. desember 2020* voru bæjarbúar 19.217. Íbúum hefur að meðaltali fjölgað um 0,95% á ári frá árinu 2008 og áætlað er að íbúum muni fjölga um 1,1%, eða um 200 manns á ári út áætlunartímabilið.



*Bráðabirgðatala



Forsendur áætlunar - Tekjur

Tilbaka í
efnisyfirlit



Skatttekjur

- Útvarsprósenta Akureyrarbæjar hefur verið 14,52% á árunum 2014-2020. Fjárhagsáætlun 2021 gerir ráð fyrir óbreyttri útvarsprósentu.
- Álagningarprósenta fasteignaskatts er óbreytt á milli ára, 0,33% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis, 1,63% af öðru húsnæði og 1,32% af fasteignamati skóla, sjúkrahúsa, bókasafna og íþróttahúsa.



Framlög jöfnunarsjóðs


- Akureyrarbær fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fasteignagjalda, grunnskóla, þjónustu við fatlaða, nýbúafræðslu o.fl.
- Áætlað er að framlög Jöfnunarsjóðs á árinu 2021 eru 3.790 m.kr.



Aðrar tekjur

- Almennt var gert ráð fyrir 2,5% hækkunum gjaldskráa í samræmi við lífskjarasamninginn. Nokkur frávik eru á því s.s. 3,5% hækkun sorphirðugjalda, fráveitugjalda um 11% og 7% hækkun skólamáltíða.

Fasteignamatstofn árið 2021 (m.kr.)



Fasteignamatstofn (m.kr.)

Ár	A flokkur, íbúðarhúsnæði	B flokkur, opinbert húsnæði	C flokkur, atvinnuhúsnæði
2021	320.000	30.096	65.102
2020	317.697	28.249	64.070
2019	281.900	26.100	58.800
2018	233.100	24.300	53.000
2017	204.750	23.215	49.265
2016	187.803	22.339	45.358



Laun, launatengd gjöld, persónu-og orlofsuppbót

- Launakostnaður er áætlaður út frá stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum. Í áætlun er gert ráð fyrir öllum þekktum breytingum á kjarasamningum sem verða á árinu 2021. Auk þess er gert ráð fyrir 97 m.kr „launapotti“ til að mæta styttingu vinnuviku hjá vaktavinnufólki.

Nefndarlaun



- Nefndarlaun nema skilgreindum hundraðshluta af viðmiðunarlaunum sbr. reglur um laun bæjarfulltrúa og nefndarfólks.
- Viðmiðunarfjárhæð nefndarlauna var lækkuð um 5%

Annar starfsmannakostnaður



- Viðmið um áætlaðan annan starfsmannakostnað nemur 11.000 kr. á hvern starfsmann. Stöðugildi A-og B-hluta eru áætluð að meðaltali 1.456 á árinu 2021.

Áætluð stöðugildi að meðaltali árið 2021



A-hluti

1.332




B-hluti

123

Próun launavísitölu

● Almennur vinnumarkaður ● Starfsmenn sveitarfélaga






Forsendur áætlunar - Fasteignir og annar rekstrarkostnaður

[Tilbaka í
efnisyfirlit](#)



Vísitala neysluverðs

- Vísitala til verðtryggingar er 489,1 stig í lok árs 2020 og gert er ráð fyrir að hún verði orðin 500 stig í árslok 2021.
- Meðalvísitala neysluverðs innan ársins 2021 er áætluð 496,5 stig en 481,9 stig árið 2020.
- Vísitala neysluverðs hefur áhrif á fjármagnsliði og húsaleigu í áætlun árána 2021-2024.



Annar rekstrarkostnaður

- Gert er ráð fyrir sambærilegum kostnaði árið 2021 og árið 2020 í öðrum rekstrarkostnaði.



Húsaleiga Fasteigna Akureyrarbæjar

- Umhverfis-og mannvirkjasvið annast rekstur, nýbyggingar og kaup og sölu fasteigna. Viðmiðunarleiga samanstendur af stofnverði eða raunkostnaði fjárfestingar, vaxtakjörum sveitarfélagsins, afskriftum, sköttum og tryggingum, viðhaldi húsa og lóða sem er 1%-4% af stofnverði sem og umsýslukostnaði sem er 0,5% af stofnverði.
- Húsaleiga framreiknast samkvæmt vísitölu neysluverðs.
- Áætlað er að tekjur Fasteigna Akureyrar á árinu 2021 verði 3.718 m.kr.



Afskriftir

- Fasteignir og lóðir: 2,5%-4%
- Veitukerfi: 4%
- Vélar og tæki: 7%-33%
- Leigðar eignir: 4%-13%




Fjárhagsáætlun A- og B-hluta - Rekstrarniðurstaða


Rekstrarniðurstaða

- 
 - Árið 2021 er gert ráð fyrir 631 m.kr. afgangi í A- og B hluta fyrir fjármagnsliði og rekstrarniðurstaða áætluð 1.111 m.kr. í halla.
- 
 - Gert er ráð fyrir batnandi afkomu til ársins 2024.
- 
 - Heildareignir A-og B-hluta árið 2021 eru áætlaðar um 61.104 m.kr. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 37.778 m.kr. og eigið fé 23.326 m.kr.
- 
 - Tekjur A-og B-hluta eru áætlaðar 24.755 m.kr. árið 2021 og skiptast í skatttekjur sem eru 52,2% af heildartekjum, framlög frá Jöfnunarsjóði 15,3% og aðrar tekjur 32,5%.
- 
 - Gjöld A-og B-hluta eru áætluð 24.124 m.kr. Laun, launatengd gjöld og lífeyrisskuldbinding nema 63,2% af heildargjöldum, annar rekstrarkostnaður 28,5% og afskriftir 8,3%.
- 
 - Fjármagnsgjöld nema 1.697 m.kr


Rekstrarniðurstaða



Tekjur 2021



Gjöld 2021





Tekjur og gjöld á hvern íbúa




• Tekjur á hvern íbúa hækka um 3,6-3,9% á ári út áætlunartímabilið.



• Gjöld á hvern íbúa hækka um 1,5-2,3% á ári á tímabilinu.


• Lækkun tekna og gjalda á milli áranna 2020 og 2021 er vegna þess að rekstur Öldrunarheimila Akureyrar flyst til ríkisins.

Skipting tekna (þ.kr)



Þúsund kr. á hvern íbúa

● Rekstrargjöld og fjármagnsliðir nettó ● Tekjur








Fjárhagsáætlun A- og B-hluta - Veltufé

Veltufé frá rekstri

- Áætlað er að veltufé frá rekstri aukist jafnt og þétt frá árinu 2020.
- Á árinu 2021 er áætlað að veltufé frá rekstri verði 2.315 m.kr. eða 9% af heildartekjum.
- Heildarfjárfestinar á tímabilinu 2021-2024 er áætluð 14.337 m.kr.





Afborganir langtímaskulda

- Á árinu 2018 hækkar lántaka í A-hluta vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum og í B hluta vegna endurfjármögnunar eingreiðsluláns Norðurorku.
- Gert er ráð fyrir hækkun veltufjár frá rekstri út áætlunartímann og afborganir langtímalána hækki.
- Á árunum 2021-2024 er gert ráð fyrir auknum lántökum samhliða auknum fjárfestingum.



Ný langtímalán 2021-2024

9.946



Afborganir langtímalána 2021-2024

6.219



Skuldahlutfall

- Skuldaregla (skuldaviðmið) sveitastjórnalaga nr. 138/2011 kveður á um að heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu séu ekki hærri en 150% af reglulegum tekjum.
- Frá skuldahlutfalli er heimilt að undanskilja nánar tilgreindar kuldir og skuldbindingar sbr. 64. gr. laganna og er skuldaviðmið því nokkru lægra en skuldahlutfallið.
- Skuldareglan hefur verið afnumin til ársins 2023 vegna efnahagskreppu í kjölfar heimsfaraldurs covid-19.
- Skuldahlutfallið var 109% 2019 en skuldahlutfallið skv. viðmiði var 73%.
- Skuldahlutfall ársins 2021 er áætlað 153%. Skuldahlutfall hækkar töluvert milli ára þar sem tekjur vegna reksturs öldrunarheimila falla niður frá og með árinu 2021.



Áætlaðar fjárfestingar 2021
(m.kr)

4.239





Fjárhagsáætlun A- og B-hluta

[Tilbaka í
efnisyfirlit](#)


Samantekið yfirlit yfir rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðsstreymi.

Rekstrarreikningur	2018 - Raun	2019 - Raun	2020 - Útkomuspá	2021 - Áætlun	2022 - Áætlun	2023 - Áætlun	2024 - Áætlun
Tekjur	25.606	27.651	27.069	24.755	25.946	27.132	28.354
Gjöld	23.988	26.032	26.944	24.124	24.887	25.606	26.265
Fjármagnsliðir	-1.173	-1.126	-1.543	-1.697	-1.768	-1.838	-1.897
Tekjuskattur	-68	-30	-51	-45	-45	-45	-45
Rekstrarniðurstaða	377	463	-1.470	-1.111	-754	-357	147
Efnahagsreikningur							
Eignir	54.232	56.439	60.182	61.626	62.857	64.695	65.731
Eigið fé	24.796	26.434	24.962	23.849	22.968	22.484	22.505
Skuldir og skuldbindingar	29.437	30.005	35.221	37.778	39.889	42.210	43.227
Sjóðstreymi							
Veltufé frá rekstri	3.219	2.974	2.078	2.315	2.788	3.296	3.945



- Athugið að um heildarstöðugildafjölda er að ræða. Ekki er búið að draga frá vinnuskóla og önnur atvinnutengd úrræði eins og gert er í ársreikningi.
- Starfsmenn Hlíðarfjalls eru inni í stöðugildafjölda íþrótta- og tómstundamála til ársins 2019. Hlíðarfjall er nú sér fyrirtæki í B-hluta.
- Stöðugildi vegna Minjasafnsins eru inni í menningarmálum til ársins 2018. Frá og með árinu 2019 hefur Minjasafnið fengið greiðslu í formi styrks og séð um eigin starfsmannamál.
- Í stjórnsýslu er gert ráð fyrir tímabundinni aukningu stöðugilda vegna atvinnuátaks.

Þróun stöðugilda - A- og B-hluti



Nafn málaflokks	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Félagsþjónusta	297	295	306	316	333	347
Fræðslumál	674	678	699	707	714	713
Menningarmál	28	28	28	21	21	20
Íþrótta og tómstundamál	97	99	104	109	102	96
Slökkvilið	27	27	27	29	31	29
Hreinlætismál	1	1	1	1	1	1
Skipulagsdeild	7	7	7	8	9	8
Umferðar- og samgöngumál	8	8	17	19	20	21
Umhverfismál	5	4	4	5	5	5
Akureyrarstofa og fl.	8	8	7	7	7	5
Stjórnsýsla	46	45	46	46	47	50
Samtals Aðalsjóður	1.199	1.201	1.248	1.267	1.290	1.296

Nafn málaflokks	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Fasteignir	8	8	0	0	0	0
Umhverfismiðstöð	35	35	35	36	35	36
Samtals A-hluti	1.242	1.244	1.283	1.303	1.325	1.332
Félagslegar íbúðir	1	1	1	1	1	1
Rekstur strætisvagna	17	17	18	17	17	18
Bifreiðastæðasjóður	1	0	0	1	1	1
Hlíðarfjall	0	0	0	0	14	18
Hafnarsamlag Norðurlands	12	13	14	16	15	14
Öldrunarheimili Akureyrarbæjar	221	219	215	222	228	0
Norðurorka	66	66	68	71	71	71
Samtals A og B	1.559	1.560	1.599	1.630	1.671	1.455




Aðalsjóður málaflokkayfirlit 2021-2024

Tilbaka í
efnisyfirlit


	2021		2022		2023		2024	
Aðalsjóður	Tekjur	Rekstrar- niðurstaða	Tekjur	Rekstrar- niðurstaða	Tekjur	Rekstrar- niðurstaða	Tekjur	Rekstrar- niðurstaða
Skatttekjur	17.706.623	17.706.623	18.460.145	18.460.145	19.396.042	19.396.042	20.361.896	20.361.896
Félagsþjónusta	926.463	-4.649.585	954.257	-4.805.592	982.885	-4.957.159	1.012.371	-5.113.603
Heilbrigðismál	0	-25.741	0	-26.410	0	-27.071	0	-27.747
Fræðslu- og uppeldismál	1.101.468	-8.465.690	1.135.713	-8.704.558	1.171.703	-8.910.590	1.208.784	-9.125.247
Menningarmál	265.966	-931.671	273.945	-956.729	282.163	-981.049	290.628	-1.005.995
Æskulýðs- og íþróttamál	1.212.138	-2.390.927	1.248.502	-2.455.446	1.285.957	-2.515.955	1.324.536	-2.578.061
Brunamál og almannavarnir	283.479	-268.572	291.983	-278.914	300.743	-288.617	309.765	-298.660
Hreinlætismál	392.917	-28.767	404.705	-28.051	416.846	-26.830	429.351	-25.520
Skipulags- og byggingamál	44.000	-187.651	45.320	-193.390	46.680	-198.965	48.080	-204.705
Umferðar- og samgöngumál	241.170	-1.055.569	248.405	-1.120.161	255.857	-1.185.379	263.533	-1.257.390
Umhverfismál	29.505	-375.318	30.390	-385.380	31.302	-395.256	32.241	-405.387
Atvinnumál	1.500	-183.620	1.545	-189.078	1.591	-194.440	1.639	-199.958
Sameiginlegur kostnaður	310.418	-954.955	319.731	-985.727	329.322	-1.015.471	339.202	-1.046.139
Lífeyrisskuldbindingar	0	-600.000	0	-600.000	0	-600.000	0	-600.000
Óvenjulegir liðir	0	55.000	0	55.000	0	55.000	0	155.000
Fjármagnsliðir	0	218.404	0	4.600	0	-92.747	0	-170.433
Total	22.515.647	-2.138.039	23.414.640	-2.209.692	24.501.091	-1.938.485	25.622.026	-1.541.950



Skipting gjalda helstu málaflokkar- 2021







Þróun launakostnaðar í A-hluta







A-hluti - tekjur og kostnaður á hvern íbúa







Skatttekjur - Málaflokkur 100

[Tilbaka í efnisyfirlit](#)





- Skatttekjur samanstanda af útsvari, fasteignaskatti, lóðarleigu og framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- Hlutverk Jöfnunarsjóðs er að jafna mismunandi útgjaldþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins.







Fasteignagjöld - skipting

[Tilbaka í efnisyfirlit](#)





- Fasteignagjöld eru innheimt af öllum fasteignum í sveitarfélaginu. Þau skiptast í fasteignaskatt, lóðarleigu og sorphirðugjald sem renna til Aðalsjóðs og vatnsgjald og fráveitugjald sem renna til Norðurorku.
- Sorphirðugjald Akureyrarbæjar verður 40.995 kr. á hverja íbúð árið 2021







Félagsþjónusta - Málaflokkur 102

[Tilbaka í efnisyfirlit](#)





- Félagsþjónusta samanstendur af þjónustu við fatlaða, þjónustu við börn og unglinga, þjónustu við aldraða og ýmissi annarri félagslegri þjónustu.
- Rekstur Öldrunarheimila Akureyrarbæjar færir til ríkisins á árinu 2021 og er ekki gert ráð fyrir framlagi vegna þeirra í áætlun þess árs.







Þjónusta við fatlað fólk

Tilbaka í
efnisyfirlit




- Þjónusta við fatlað fólk samanstendur m.a. af rekstri íbúða- og þjónustukjarna, ferliþjónustu og vinnustaða fyrir fatlað fólk.
- Árið 2020 var tekið í notkun nýr búsetukjarni í Klettaborg sem leysti af hólmi herbergjasambýli.






Notendastrýð persónuleg aðstoð (NPA)




Þjónusta við börn og unglinga






- **Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)** er lögbundin þjónusta og búast má við aukinni ásókn í þetta form þjónustu. Nú eru 8 samningar í gildi. Ríkið gerir ekki ráð fyrir því að það verði til frekara fjármagn til að samþykkja nýja samninga árið 2021.
- Þjónusta við börn og unglinga hefur aukist undanfarin ár. Starfsstöð barnaverndar var færð til í reikningshaldi árið 2020 og útskýrir að stórum hluta stökkið milli 2019 og 2020.

Fjárhagsaðstoð





Ferliþjónusta fatlaðra






- Undir málaflokk fræðslumála fellur rekstur leik- og grunnskóla auk tónlistaskólans og annarrar fræðslustarfsemi.
- Helstu breytingar í þessum málaflokki árið 2021 eru að öllum börnum sem náð hafa 12 mánaða aldri verður boðið leikskólapláss í ágúst 2021.
- Húsaleiga málaflokksins hækkaði talsvert árið 2020 þegar nýjar reglur um leigu íþróttamannvirkja tóku gildi.
- Miklar framkvæmdir s.s. í Glerárskóla undanfarin ár skila einnig aukinni leigu.






Rekstrarniðurstaða

● Áætlun ● Raun



Laun


● Áætlun ● Raun



- Akureyrarbær rekur 10 grunnskóla.
- Áætlaður heildarfjöldi nemenda árið 2021 eru 2.723.


Skipting gjalda - áætlun 2021

● Laun og launatengd...
● Innri leiga
● Þjónustukaup án in...
● Vörukaup
● Annar starfsmannak...
● Styrkir og framlög




Húsaleiga

● Áætlun ● Raun






Rekstrarniðurstaða




Laun




- Akureyrarbær rekur 9 leikskóla auk þess að veita framlög til reksturs eins einkarekins leikskóla.
- Áætlaður heildarfjöldi barna á leikskólum Akureyrarbæjar árið 2021 eru 969.

Skipting gjalda - áætlun 2021



Húsaleiga






Rekstrarkostnaður á hvern nemanda í leik- og grunnskólum


Tilbaka í
efnisyfirlit



Rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskóla



Rekstrarkostnaður hvern nemanda í leikskóla







Menningarmál - Málaflokkur 105

Tilbaka í
efnisyfirlit

Rekstrarniðurstaða




Laun




- Til menningarmála telst ýmis menningartengd starfsemi, rekstur safna s.s. Amtsbókasafnsins og Listasafnsins sem og framlög til Menningarfélags Akureyrar, MAk.
- Árið 2020 lækkar launakostnaður málaflokksins þegar Minjasafnið tók yfir umsjón launagreiðsla til sinna starfsmanna.

Skipting gjalda - áætlun 2021





Húsaleiga







Æskulýðs og íþróttamál - Málaflokkur 106

[Tilbaka í efnisyfirlit](#)







- Undir Æskulýðs- og íþróttamál fellur m.a. rekstur íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar, styrkir til íþróttafélaga, rekstrarframlög til Hlíðarfjalls, rekstur félagsmiðstöðva, forvarnarstarfsemi og vinnuskólinn.





Íþróttta og æskulýðsmál - Ýmsir styrkir og framlög

Tilbaka í
efnisyfirlit







Brunamál og almannavarnir - Málaflokkur 107

[Tilbaka í efnisyfirlit](#)

Rekstrarniðurstaða




Laun




- Slökkviliðið annast brunavarnir, sjúkraflutninga og sjúkraflug, björgunarstörf og almannavarnir.

Skipting gjalda - áætlun 2021




Heildarfjöldi útkalla






Umferðar og samgöngumál - Málaflokkur 110

Rekstrarniðurstaða




Laun




- Til Umferðar- og samgöngumála heyrir m.a. rekstrarframlag til Strætisvagna Akureyrar, snjómokstur og leiga og viðhald gatna.
- Í kjölfar skipulagsbreytinga árið 2018 fluttust starfsmenn Fasteigna Akureyrar undir þennan málaflokk.

Skipting gjalda - áætlun 2021





Innri leiga gatna







Umhverfismál - Málaflokkur 111

[Tilbaka í efnisyfirlit](#)



- Umhverfismál samanstanda m.a. af umhirðu bæjarlandsins, s.s. slætti og hreinsun gatna, Lystigarðunum og framlögum til Skógræktarfélags Eyfirðinga sem annast útivistasvæðið í Kjarnaskógi.







Umhverfið okkar - ýmis mál

[Tilbaka í efnisyfirlit](#)


Snjómokstur og hálkuvarnir




Hreinsun gatna



Fegrun og hirðing opinna svæða



Viðhald og rekstur gatnakerfis






Atvinnumál - Málaflokkur 113

Rekstrarniðurstaða

● Áætlun ● Raun




• Til atvinnumála flokkast atvinnumál, kynningarmál og ferðamál



• Gert er ráð fyrir að upplýsingamiðstöð ferðamála í Hofi verði lokað í núverandi mynd.


Skipting gjalda - áætlun 2021

- Laun og launatengd...
- Styrkir og framlög
- Þjónustukaup án in...
- Innri leiga
- Vörukaup
- Annar starfsmannak...



Laun



● Áætlun ● Raun







Sameiginlegur kostnaður - Málaflokkur 121

Tilbaka í
efnisyfirlit





- Sameiginlegur kostnaður er stjórnsýsla sveitarfélagsins, bæjarstjórn og starfsemi fjársýslusviðs og stjórnsýslusviðs sem veitir ýmsa innri og ytri stoðþjónustu við svið og stofnanir sveitarfélagsins.







Fasteignir Akureyrarbæjar - 3100

Tilbaka í
efnisyfirlit




- Fasteignir Akureyrarbæjar er eignasjóður sem annast nýbyggingar, viðhald og rekstur fasteigna bæjarins. Leigutekjur sjóðsins koma að lang stærstu leiti frá rekstrareiningum innan aðalsjóðs, m.a. vegna skóla og íþróttamannvirkja.






Rekstrarniðurstaða




Laun




- Umhverfismiðstöð er fyrirtæki í eigu Akureyrarbæjar og flokkast með A-hluta.
- Umhverfismiðstöð annast hirðingu bæjarins, slátt, þrif, skreytingar og snjómokstur.
- Tekjur Umhverfismiðstöðvar koma að stærstum hluta frá aðalsjóði.

Skipting gjalda 2021




Tekjur






Félagslegar íbúðir - 4300

Rekstrarniðurstaða




- Félagslegar íbúðir er B-hluta fyrirtæki sem annast rekstur og viðhald leiguíbúða sveitarfélagsins.
- Leiguíbúðir eru um 330
- Úthlutun leiguíbúða tilheyrir félagsþjónustu

Skipting gjalda - áætlun 2021




Viðhald






Strætisvagnar Akureyrar - 4500

Rekstrarframlög frá Aðalsjóði






- Strætisvagnar annast rekstur almenningssamgangna, bæði strætisvagna og ferliþjónustu.
- Almenningsamgöngur Akureyrarbæjar eru gjaldfrjálssar.
- Rekstrarframlög Strætisvagna koma frá félagsþjónustu og umferðar- og samgöngumálum.

Skipting gjalda - áætlun 2021





Laun






- Hlíðarfjall annast rekstur skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli
- Hlíðarfjall er rekið með þjónustutekjum og framlögum úr Aðalsjóði.






Rekstrarniðurstaða




Tekjur




- Hafnasamlagið annast rekstur hafnanna á Akureyri, Hjalteyri, Hrísey, Grímsey, Grenivík og Svalbarðseyri.
- Tekjur Hafnasamlagsins drógust saman á árinu 2020 vegna hruns í komu skemmtiferðaskipa.

Skipting gjalda - áætlun 2021



Laun






Framkvæmdir

- Á árinu 2021 er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 4.239 m.kr. og heimild til lántöku að fjárhæð 2.650 m.kr. sbr. sjóðstreymisyfirlit.
- Á áætlunartímabilinu öllu er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 14.337 m.kr.

Framkvæmdayfirlit A- og B-hluti (m.kr.)




Framkvæmdayfirlit	2021	2022	2023	2024	Samtals
Fasteignir Akureyrar	1.820.000	1.454.000	1.550.000	1.390.000	6.214.000
Framkvæmdamiðstöð Akureyrar	67.000	30.000	40.000	40.000	177.000
Eignasjóður gatna o.fl.	540.000	606.000	830.000	814.000	2.790.000
Sveitasjóður A-hluti	2.427.000	2.090.000	2.420.000	2.244.000	9.181.000
Félagslegar íbúðir	150.000	140.000	220.000	120.000	630.000
Strætisvagnar Akureyrar	70.000	0	0	0	70.000
Bíðstöðastæðasjóður Akureyrar	43.000	31.000	25.000	20.000	119.000
Hlíðarfjall - kaup á lyftu	323.000	0	0	0	323.000
Hafnasamlag Norðurlands	107.000	208.500	105.000	75.000	495.500
Norðurorka	1.118.850	808.600	966.300	625.000	3.518.750
Fyrirtæki B-hluta	1.811.850	1.188.100	1.316.300	840.000	5.156.250
Samantekinn A og B hluti	4.238.850	3.278.100	3.736.300	3.084.000	14.337.250



Framkvæmdayfirlit Fasteigna Akureyrar 2021-2024

[Tilbaka í efnisyfirlit](#)

Fasteignir Akureyrar	2021	2022	2023	2024	Samtals
Nýtt hjúkrunarheimili fyrir 60 íbúa	0	20.000	180.000	180.000	380.000
Glerárskóli	110.000	0	200.000	200.000	510.000
Glerárskóli - leikskólinn Klappir	620.000	0	0	0	620.000
Lundarskóli	650.000	500.000	0	0	1.150.000
Lundarskóli - leikskóli	0	0	20.000	300.000	320.000
Önnur fræðslu og uppeldismál	15.000	109.000	100.000	70.000	294.000
Menningarmál	0	50.000	70.000	50.000	170.000
Skautahöll félagsaðstaða	0	130.000	0	0	130.000
Félagssvæði KA	0	0	300.000	300.000	600.000
Nökkvi þjónustuhús	145.000	0	0	0	145.000
Brunamál og almannavarnir	10.000	10.000	10.000	0	30.000
Tjaldsvæðið Hamra - uppbygging og fráveita	80.000	15.000	10.000	0	105.000
Ráðhús	50.000	500.000	600.000	200.000	1.350.000
Stofnbúnaður fyrir aðalsjóð	140.000	120.000	60.000	90.000	410.000






Framkvæmdayfirlit Eignasjóðs gatna o.fl. 2021-2024

[Tilbaka í efnisyfirlit](#)


Eignasjóður gatna	2021	2022	2023	2024	Samtals
Gatnagerðagjöld	-200.000	-220.000	-220.000	-220.000	-860.000
Endurbygging gatna	59.000	145.000	170.000	229.000	603.000
Nýbygging gatna	102.000	173.000	330.000	300.000	905.000
Malbikun gatna	129.000	110.000	110.000	110.000	459.000
Gangstéttar og stígar	204.000	240.000	220.000	120.000	784.000
Ýmis verk	7.000	30.000	30.000	30.000	97.000
Umferðaöryggismál	120.000	57.000	130.000	185.000	492.000
Miðbær, uppbygging	75.000	21.000	10.000	10.000	116.000
Ýmis tæki og bifreiðar í Aðalsjóði	44.000	50.000	50.000	50.000	194.000





Framkvæmdaáætlun fyrirtækja B-hluta

Framkvæmdaáætlun fyrirtækja í B-hluta (m.kr.)



Framkvæmdir Norðurorku 2021

